

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar nr. 245 8. júní 1977,
með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er:

Vatnsgjald kr. 231.50 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Til hliðsjónar við ákvörðun verðsins er miðað við að kyndingarkostnaður sé sem næst 80% af kyndingarkostnaði með olíu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 16. maí 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 240/1981 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 2. júlí 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 364.

2. júlí 1981.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar nr. 368 5. ágúst 1975,
með síðari breytingum.

4. gr. orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjald kr. 33.45 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjald kr. 56.20 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

6. gr. orðist svo:

Heimædagjald Hitaveitu Ólafsfjarðar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:
Fyrir hús allt að 400 m³ að utanmáli kr. 3 480.00 og síðan kr. 7.00 fyrir hvern m³ þar yfir.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 16. maí 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 240/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 2. júlí 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.